**200. fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar ÍSÍ, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, mánudaginn 9. júlí 2012 kl. 12:00.**
**Mættir: Ólafur Rafnsson forseti, Lárus Blöndal varaforseti, Gunnar Bragason gjaldkeri, Helga Steinunn Guðmundsdóttir ritari, Friðrik Einarsson, Örn Andrésson, Sigríður Jónsdóttir, Helga H. Magnúsdóttir, Hafsteinn Pálsson, Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir, Gústaf A. Hjaltason 1. varamaður, Garðar Svansson 2. varamaður, Gunnlaugur Júlíusson 3. varamaður, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.**

**Forföll: Jón Gestur Viggósson.**

1. **Ólympísk verkefni**

*Ólympíuleikarnir í London 2012*
Framkvæmdastjóri og formaður Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ fóru yfir ýmis atriði vegna undirbúnings fyrir leikana. Gunnar Bragason gjaldkeri kom á framfæri þökkum til framkvæmdastjóra og sviðsstjóra Afreks- og ólympíusviðs vegna þeirra miklu vinnu við að ná afar hagstæðum samningi við NIKE International um fatnað íslenska hópsins.
Lagðar fram tillögur Afreks- og ólympíusviðs ÍSÍ um keppendur og fararstjórn á leikunum. Samþykkt að eftirtaldir skipi Ólympíuhóp ÍSÍ á Ólympíuleikunum í London:

**Frá Badmintonsambandi Íslands:**
Ragna Björg Ingólfsdóttir, Tennis- og badmintonfélagi Reykjavíkur – keppandi í einliðaleik
Margrét Gunnarsdóttir flokksstjóri
Jónas Huang, þjálfari

**Frá Júdósambandi Íslands:**
Þormóður Árni Jónsson, Júdófélagi Reykjavíkur – keppandi í +100 kg. flokki
Jón Hlíðar Guðjónsson, flokksstjóri
Bjarni Friðriksson, þjálfari

**Frá Skotíþróttasambandi Íslands:**
Ásgeir Sigurgeirsson, Skotfélagi Reykjavíkur – keppandi í loftskammbyssu og frjálsri skammbyssu
Halldór Axelsson flokksstjóri
Ragnar Skanåker, þjálfari

**Frá Frjálsíþróttasambandi Íslands:**
Ásdís Hjálmsdóttir – keppandi í spjótkasti
Kári Steinn Karlsson – keppandi í maraþonhlaupi
Óðinn Björn Þorsteinsson – keppandi í kúluvarpi
Þórey Edda Elísdóttir, flokksstjóri
Gunnar Páll Jóakimsson, þjálfari í maraþonhlaupi
Helgi Þór Helgason, þjálfari í kúluvarpi
Stefán Jóhannsson, þjálfari í spjótkasti

**Frá Sundsambandi Íslands:**
Anton Sveinn McKee, Sundfélaginu Ægi – keppandi í 1500m skriðsundi og 400m fjórsundi
Árni Már Árnason, ÍRB – keppandi í 50m skriðsundi
Eygló Ósk Gústafsdóttir, Sundfélaginu Ægi – keppandi í 100m og 200m baksundi, 200m fjórsundi og 4x100m fjórsundi (boðsundssveit)
Eva Hannesdóttir, Sunddeild KR – keppandi í 4x100m fjórsundi (boðsundssveit)

Hrafnhildur Lúthersdóttir, Sundfélagi Hafnarfjarðar – keppandi í 100m og 200m bringusundi ig 4x100n fhæirsybdu (boðsundssveit)
Jakob Jóhann Sveinsson, Sundfélaginu Ægi – keppandi í 100m og 200m bringusundi
Sarah Blake Bateman, Sundfélaginu Ægi – keppandi í 50m skriðsundi, 100m flugsundi og 4x100m fjórsundi (boðsundssveit)
Ingi Þór Ágústsson, flokksstjóri
Jacky Pellerin, þjálfari
Unnur Sædís Jónsdóttir, sjúkraþjálfari

**Frá Handknattleikssambandi Íslands:**
Björgvin Páll Gústavsson, Magdeburg – keppandi
Hreiðar Leví Guðmundsson, Nötteröy – keppandi
Alexander Petersson, Fuchse Berlin - keppandi
Arnór Atlason, AG Köbenhavn – keppandi
Aron Pálmarsson, Kiel – keppandi
Ásgeir Örn Hallgrímsson, Hannover-Burgdorf - keppandi
Guðjón Valur Sigurðsson, AG Köbenhavn – keppandi
Ingimundur Ingimundarson, Fram – keppandi
Kári Kristján Kristjánsson, HSG Wetzlar – keppandi
Ólafur Bjarki Ragnarsson, HK – keppandi
Ólafur I. Stefánsson, AG Köbenhavn – keppandi
Róbert Gunnarsson, Rhein-Neckar Löwen – keppandi
Snorri Steinn Guðjónsson, AG Köbenhavn – keppandi
Sverre Andreas Jakobsson, Grosswallstadt – keppandi
Vignir Svavarsson, Hannover-Burgdorf – keppandi
Guðmundur Guðmundsson, þjálfari
Óskar Bjarni Óskarsson, aðstoðarþjálfari
Gunnar Magnússon, tæknimaður
Elís Þór Rafnsson, sjúkraþjálfari
Róbert Geir Gíslason, liðsstjóri
Einar Þorvarðarson, flokksstjóri

**Frá ÍSÍ:**
Andri Stefánsson, aðalfararstjóri
Þórarinn Alvar Þórarinsson, aðstoðarfararstjóri
Örnólfur Valdimarsson, læknir
Brynjólfur Jónsson, læknir
Gauti Grétarsson, sjúkraþjálfari
Róbert Magnússon, sjúkraþjálfari
Hafrún Kristjánsdóttir, sálfræðingur

Að auki verða forseti ÍSÍ og framkvæmdastjóri á leikunum í boði Alþjóðaólympíunefndarinnar á leikunum og Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri verður á sameiginlegri skrifstofu Noregs, Svíþjóðar, Finnlands og Íslands á Radisson Blu Portman hótelinu.

**2. Afmæli ÍSÍ**
Örn Andrésson formaður Afmælisnefndar ÍSÍ skýrði frá því að útgáfudagur sérstaks Ólympíublaðs væri 17. júlí næstkomandi. Blaðinu verður dreift á öll heimili í landinu.

**3. Staða starfsskýrsluskila**
Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri skýrði frá stöðu starfsskýrsluskila. Skrifstofu veitt leyfi til að senda út viðvörun um keppnisbann með 10 daga fyrirvara til þeirra sem enn eru í vanskilum.

**4. Heiðranir**
Engar tillögur lágu fyrir um heiðranir að þessu sinni.

**5. Fundargerðir:**
**Eftirfarandi fundargerðir lagðar fram og samþykktar.**

- *199. fundur framkvæmdastjórnar*
- *8., 9., 10. og 11. fundur framkvæmdaráðs ÍSÍ*
- *103. fundur Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ*

Gjaldkeri skýrði frá lokaniðurstöðum fjárhagsáætlunar.

Forseti skýrði frá því að framkvæmdastjóri og gjaldkeri hefðu náð samkomulagi við Vodafone um að gerast samstarfsaðili ÍSÍ frá og með Ólympíuleikunum í London 2012.

Ingibjörg Bergrós fylgdi úr hlaði skýrslu um Kvennahlaup ÍSÍ 2012. Forseti kom á framfæri þakklæti til Kvennahlaupsnefndar og Almenningsíþróttasviðs ÍSÍ fyrir það mikla starf sem unnið var við undirbúning og framkvæmd hlaupsins. Samþykkt að veita Kvennahlaupsnefnd heimild til að ganga til samningaviðræðna við Garðabæ um áframhaldandi samstarf.

Gjaldkeri skýrði frá því að samningsdrög lægju fyrir um kaup ÍSÍ á hæð 2 í húsi II.

**6. Viðburðir framundan**
Farið yfir viðburði sem framundan eru og til lengri tíma litið.

**7. Næstu fundir framkvæmdastjórnar ÍSÍ**
Stefnt er að því að halda næsta fund framkvæmdastjórnar 23. ágúst næstkomandi.

**8. Önnur mál**
*Skýrsla endurskoðenda ÍSÍ*
Gjaldkeri lagði fram skýrslu Tryggva Geirssonar endurskoðanda ÍSÍ eftir endurskoðun og úttekt á fjármálum sambandsins. Skýrslan er jákvæð í garð vinnulags og starfshátta á skrifstofu ÍSÍ.

*Ólympíumót fatlaðra*
Framkvæmdastjóri skýrði frá því að náið samstarf væri búið að vera á milli ÍSÍ og Íþróttasambands fatlaðra við undirbúning Ólympíumóts fatlaðra sem fram fer í London í kjölfar Ólympíuleika. Keppendur og fylgdarlið mun klæðast samskonar fatnaði og Ólympíuhópur ÍSÍ, frá NIKE International. Jafnframt mun ÍSÍ skilja eftir ýmsan búnað í Ólympíuþorpinu til afnota fyrir ÍF, líkt og undanfarna leika.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.
Halla Kjartansdóttir, fundarritari